

Eiði

Þorleifur Jóhannesson skráði.

Bærinn er vestan við Kolgrafafjörð. Sunnan við túnið er fremur lítið vatn, sem sjór fellur í um flæðar. Túnið nær austur á bakkann og suður að vatninu. Áður stóð bærinn vestarlega í miðju túninu, en nú er íbúðarhús úr timbri austar undir bakkanum, sem þar er allhár sandbakki, en lækkar suður eftir að vatnsósnum.

Suðvestur frá húsinu er allstór hóll, á honum var áður heygarður, og suðvestur frá honum er **Gamli-Bæjarhóllinn** (1). Norðvestur frá Gamla-Bæjarhólnum er völlum, sem **Smiðjuvöllur** (2) heitir, austan við Smiðjuvöll er gata vestur úr túninu. Fyrir austan götuna heitir **Lengja** (3). Frá Gamla-Bæjarhólnum og austur, eins og gatan ræður, heitir **Lindarvöllur** (4). Austur frá honum heitir **Fjánhúsatún** (5), það er fyrir sunnan og neðan íbúðarhúsið. Þar sem húsið stendur heitir **Hannesarflöt** (6). Suðaustur frá Gamla-Bæjarhólnum er **Fjósatunga** (7) og fyrir austan hana er **Illireitur** (8).

Norður frá túninu, með firðinum, heita bakkarnir **Sláttubakkar** (9), norðan við þá fellur lækur, sem **Djúpilækur** (10) heitir. Fyrir norðan lækinn heitir **Grafamýri** (11), í henni er holt, sem heitir **Dysarholt** (12), á því er grjótdys. Í hlíð **Klakks** (13) er hryggur, sem **Merkjahryggur** (14) heitir. Eru þar merkin milli Eiðis og Hjarðarbóls. Nokkru sunnar með hlíðinni eru allhá melholt, sem heita **Djúpadalsholt** (15). Milli þeirra og hlíðarinnar er laut, eftir henni liggur gatan inn að Hjarðarbóli. Norðarlega í holtunum er djúp graskvos með smátjörn í. Heitir kvosin **Djúpidalur** (16). Suður af holtunum er mýri, sem heitir **Kringlumýri** (17). Fyrir vestan Kringlumýri er graslout, sem liggur frá austnorðri til suðvesturs, heitir hún **Jónslág** (18). Í henni er stekkjarrúst, sem er kölluð **Jónslágarstekkur** (19). Norður og upp af Jónslág er brekka í hlíðinni, sem **Fagrabrekka** (20) heitir, hún er upp í Klakkshlíðinni. Í brekkunni er allstór, fornleg

girðing og í henni allmiklar rústir. Vestur frá Fögrubrekku og vestur að **Grafnahálsi** (21) heita **Bringur** (22). Er þá komið að merkjum milli Eiðis og Vindáss og Setbergs.

Austarlega í Eiðissundum (sjá Vindás) er holt eða móabarð, heitir það **Torfholt** (23), er mýri umhverfis það. Lækur kemur vestan úr sundunum og rennur austur í **Eiðisvatn** (24). Vestan við lækinn er mýri, sem heitir **Grafamýri** (25). Frá Torfholti og austur að Eiðistúni og Eiðisvatni er mýri nafnlaus. Í mýrinni heim undir túni og norður af vatnsendanum er lítil ölkelda. Vestan við **Sundalækinn** (26) er grasþúfa, sem heitir **Arnarþúfa** (27).

Fyrir sunnan vatnið, niður frá **Lambahnúkshlíðinni** (28), eru skriðurunnar eyrar, sem kallaðar eru **Grundir** (29). Í hlíðinni upp af Grundunum er girðing, sem kölluð er **Nátthagi** (30), þar er og stekkjarrúst. Þar upp af, hátt í hlíðinni, eru klettur, sem heita **Hrafnaklettur** (31). Vestan við þá er kvos, sem heitir **Ausa** (32). Suður með hlíðinni er urð, sem heitir **Stórgryti** (33). Sunnan við urðina er grasgeiri, sem liggur hátt upp í hlíðina, - hann heitir **Jafnageiri** (34). Þar niður undan eru mýrar og holt. Innan við þau rennur lækur, sem heitir **Mólækur** (35). Fyrir sunnan lækinn er móabarð og svo grundir suður að klettastöpum, sem kallaðir eru **Eiðisstapar** (36). Ganga þeir í sjó fram og fellur sjór á milli þess fremsta þeirra og lands. Er þar sandrif og vogur fyrir ofan. Þjóðvegurinn liggur með efri enda efsta stapans. Hjá Eiðisstöpum á flestir þeir, er eiga þar leið um. Fyrir sunnan stapana rennur lækur, sem heitir **Stapalækur** (37). Fyrir sunnan lækinn taka við móabreiður, er ná suður að lágu melholti, sem heitir **Langholt** (38). Eftir mounum og Langholti liggur þjóðvegurinn. Austur af mounum gengur nes austur í fjörðinn, heitir það **Mónes** (39). Fyrir ofan Langholtið eru mýrar, sem ná upp að fjalli, heita þær **Múlamýrar** (40). Upp undan mýrunum, neðst í hlíðinni, eru grasbörð, sem kölluð eru **Hólar** (41). Fyrir sunnan Hólana er gil, sem heitir **Gloppugil** (42). Alllangt fyrir innan Gloppugil er hól í hlíðinni, sem heitir **Helluhól** (43), um hann eru landamerki milli Eiðis og Hrafnkelsstaða. Ofan úr Múlamýrum rennur lækur gegnum Langholt. Heitir hann **Merkjalækur** (44), eru merkin sjónhending úr Helluhól í lækinn.

Stafrófsskrá örnefna

Arnarþúfa 27	Sundalækur 26
Ausa 32	Torfholt 23
Bringur 22	
Bæjarhóllinn, Gamli- 1	
Djúpadalsholt 15	
Djúpidalur 16	
Djúpilækur 10	
Dysarholt 12	
Eiðisstapar 36	
Eiðisvatn 24	
Fagrabrekka 20	
Fjánhúsatún 5	
Fjósatunga 7	
Gamli-Bæjarhóllinn 1	
Gloppugil 42	
Grafamýri 11	
Grafamýri 25	
Grafnarháls 21	
Grundir 29	
Hannesarflöt 6	
Helluhóll 43	
Hólar 41	
Hrafnaklettur 31	
Illireitur 8	
Jafnageiri 34	
Jónslág 18	
Jónslágarstekkur 19	
Klakkur 13	
Kringlumýri 17	
Lambahnúkshlíð 28	
Langholt 38	
Lengja 3	
Lindarvöllur 4	
Merkjahryggur 14	
Merkjalækur 44	
Mólækur 35	
Mónes 39	
Múlamýrar 40	
Náttagi 30	
Sláttubakkar 9	
Smiðjuvöllur 2	
Stapalækur 37	
Stórgrýti 33	